

**Nr. 054 / 15 Júlía RE 39****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1998  
Smíðaður: Reykjavík 1989 plast  
Stærð: 7,37 brl. 7,52 bt.  
Mesta lengd: 9,24 m Skráð lengd: 9,21 m  
Breidd: 2,86 m Dýpt: 1,37 m  
Vél: Yanmar 213 kW 2001  
Fjöldi skipverja: 2



Júlía©Emil Páll

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 27. maí 2015 var Júlía RE 39 á strandveiðum á SV miðum. Veður: Hægviðri.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Oddur V Gíslason kom á vettvang og dró Júlíu til Grindavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vélin varð olíulaus;
- að olútankurinn tekur 800 lítra af olíu en lágmarks olíuhæð í honum fyrir olíufæðidælu vélar eru 100 lítrar. Engar merkingar og/eða leiðbeiningar voru í bátnum um þess annmarka;
- að þegar haldið var til veiða voru 120 lítrar á olútanknum.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til að hafa góðar merkingar fyrir mikilvægar upplýsingar.